

Samkeppnisstefna

Höldur ehf. leggur áherslu á góða viðskiptahætti, heilbrigða og virka samkeppni í allri starfsemi sinni. Félaginu er í mun að starfsemin sé ávallt í samræmi við samkeppnisreglur og að aðgerðir Hölds brjóti ekki á neinn hátt gegn samkeppnislögum nr. 44/2005.

Höldur ástundar heiðarlega og virka samkeppni á þeim mörkuðum sem félagið starfar á og stjórn og starfsfólk á ekki í samskiptum við stjórnendur eða starfsfólk samkeppnisaðila nema í löglegum og faglegum tilgangi og í samræmi við siðareglur félagsins.

Stjórnendur fá fræðslu um helstu reglur og lög í samkeppnismálum og þær skyldur sem hvíla á félaginu, stjórnendum og starfsfólki. Með fræðslu vill Höldur tryggja að starfsfólk sé meðvitað um samkeppnislög og fyrirbyggja þannig alla háttsemi sem brotið gæti gegn ákvæðum samkeppnislaga eins og kostur er.

Ef upp koma tilvik eða grunur um atvik sem brotið gætu í bága við ákvæði samkeppnislaga skal tafarlaust brugðist við, í samráði við lögfræðinga eða aðra sérfræðinga félagsins. Þá skal forstjóra og stjórn tilkynnt um atvikið án tafar. Komi í ljós að grunur um að samkeppnisbrot eigi við rök að styðjast skal tafarlaust upplýsa viðeigandi yfirvöld um málið.

Stjórn Hölds hefur samþykkt þessa stefnu og er hún endurskoðuð á þriggja ára fresti, eða oftar ef þörf krefur.

Síðast uppfærð dags. 20.12.2024